



FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

STEFNA FÉLAGS ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir og Arndís Jónsdóttir



STEFNA FÉLAGS íslenskra hjúkrunarfræðinga var samþykkt á aðalfundi félagsins 18. maí síðastliðinn. Með því að setja fram stefnu félagsins er skerpt á hlutverki þess. Sett er fram sýn félagsins, gildi þess og markmið, aðgerðir og leiðir til að ná settum markmiðum.

Unnið hefur verið að gerð stefnunnar í nokkurn tíma. Til loka-vinnslunnar var skipaður starfshópur undir forystu dr. Sigrúnar Gunnarsdóttur. Hópurinn rýndi í innra og ytra umhverfi félagsins og skilgreindi tilgang þess. Einnig skoðaði hann hvernig best væri að haga skipulagi og framkvæmd starfseminnar til að félagið næði sem bestum árangri.

Í stefnunni er sett fram skilgreining á félaginu, gildum þess og sýn. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er skilgreint sem samtök hjúkrunarfræðinga sem vinna saman að þróun hjúkrunar, heilbrigðisþjónustu og heilsueflingar. Félagið er einnig hagsmunasamtök hjúkrunarfræðinga sem standa vörð um réttindi þeirra, skyldur og kjör. Félagsmenn eru kjarni starfseminnar og árangur félagsins byggist á virkri þátttöku þeirra. Það eru því hjúkrunarfræðingar sjálfir sem hafa mest um það að segja hvort félagið er virkt og á hvern hátt það starfar.

Sýn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga er sú að félagið vinni að árangursríkri og öruggri heilbrigðisþjónustu með þeim leiðum sem það hefur yfir að ráða. Þar má nefna eflingu hjúkrunar á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar og aukinni þátttöku hjúkrunarfræðinga í þróun og stefnumótun hjúkrunar- og heilbrigðisþjónustunnar. Samfélagsleg ábyrgð hjúkrunarfræðinga er því mikil enda ekki hægt að efla heilbrigðisþjónustuna án þess að hafa á að skipa nægilegan fjölda vel menntaðra hjúkrunarfræðinga.

Gildi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga eru ÁBYRGÐ – ÁRÆÐI – ÁRANGUR. Ábyrgðin felur í sér að félagið nýti þekkingu og færni hjúkrunarfræðinga með þarfir skjólstæðingsins í fyrirrúmi og í samræmi við siðareglur félagsins og lög og reglugerðir sem snúa að heilbrigðisstarfsfólki, sjúklingum og heilbrigðisþjónustunni. Áræði stendur fyrir framsækið félag sem er í forystu í baráttu fyrir öflugri heilbrigðisþjónustu, viðunandi kjörum og heilsueflingu íbúanna. Árangur vísar til þess að félagsmenn nái settum markmiðum um fagmennsku, kjör og samfélagslegt hlutverk. Starfsemi félagsins byggist á og endurspeglast í gildum þess. Því er mikilvægt að hver og einn félagsmaður geri þau að sínum.



Í stefnunni eru meginstoðir félagsins skilgreindar. Þær eru fag, kjör og samfélag. Fyrir hverja meginstoð eru sett markmið, aðgerðir og leiðir til að ná því. Nánari markmið, leiðir, mat á árangri, hver ber ábyrgð á tiltekinni aðgerð og fjármögnun er sett fram árlega í starfsáætlun stjórnar og sviða félagsins, sem lögð er fram á aðalfundi.

Aðalfundur er æðsta vald félagsins. Þar hafa félagsmenn tækifæri til að hafa áhrif á starfsemi félagsins með því að koma með tillögur um leiðir að markmiðum þess. Þar gefst þeim einnig tækifæri til að meta hvort stefnan nái tilætluðum árangri eða hvort þurfi að endurmeta hana til að mæta breyttum aðstæðum, svo sem nýju efnahagslegu, félagslegu eða pólitísku umhverfi.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir er sviðstjóri fagsviðs og Arndís Jónsdóttir er í stjórn félagsins.

